

**Nr. 032 / 09 Kiddi Lár GK 501****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2704  
Smíðaður: Reykjavík 2006, plast  
Stærð: 18,2 brl. 14,9 bt.  
Mesta lengd: 12,45 m Skráð lengd: 10,23 m  
Breidd: 4,59 m Dýpt: 1,95 m  
Vél: Yanmar 323 kW, 2006  
Fjöldi skipverja: 4



Kiddi Lár ©Hafbór Hreiðarsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 26. mars 2009 var Kiddi Lár GK 501 að koma til hafnar í Sandgerði. Veður: V 16 m/sek.

Þegar báturinn átti stutt eftir í innsiglingarennuna stöðvaðist vélin og þegar reynt var að gangsetja hana aftur kæfði hún á sér þegar kúplað var á skrúfu. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og var björgunarbáturinn Þorsteinn sendur til að draga Kiddi Lár GK til hafnar. Talið var að eitthvað hefði lent í skrúfunni og var kafari fenginn til að athuga það en ekkert reyndist vera í henni.

**Við rannsókn kom fram:**

- að mikil óhreinindi reyndust vera í olútönkum og olúsíur stíflaðar;
- að ekki hafði borið á neinum óhreinindum fyrir og skipt hafði verið um olúsíur u.þ.b. tveimur vikum áður;
- að venjan hafði verið að taka olíu daglega en það hafði ekki verið gert í fyrri róðri og var tankurinn u.þ.b. hálfur í þessari ferð. Skipstjórinn taldi að miklar hreyfingar á bátnum í ferðinni hefðu komið óhreinindum af stað með þessum afleiðingum;
- að eftir atvikið voru olútankar hreinsaðir og eittrað fyrir sýkingu.

**Nefndarálit:**

Orsök þess að vélin stöðvaðist voru óhreinindi í olíu.